

02.09.2019

## LJÓSASTÝRING SKILAR 80 MILLJÖRÐUM

Tæplega 9 milljónum klukkustunda verður sóað í umferðartafir innan höfuðborgarinnar á árinu 2019 eða um 40 klukkustundum á hvern íbúa höfuðborgarinnar samkvæmt áætlun Samtaka iðnaðarins. Hefur sú tala hækkað verulega á síðustu árum en ferðatími á annatíma hefur lengst um hátt í 50% á fáeinum árum.


Nær engar nýjáfestingar í vegasamgöngum hafa litið dagsins ljós í borginni frá árinu 2012 þrátt fyrir verulega aukningu umferðar og aukna hlutdeild einkabílsins í ferðamátavali. Krafa um vegabætur verður sífellt háværari en skv. nýlegri könnun vilja 43% borgarbúa að stofnbrautakerfið á höfuðborgarsvæðinu verði bætt samanborið við 27% árið 2014.

Með skilvirkri ljósastýringu er tryggt að umferðin gangi betur fyrir sig innan þeirra samgöngumannvirkja sem eru til staðar. Arðsemi ljósastýringa á höfuðborgarsvæðinu gæti verið töluverð en það er mat SI að 15% minnkun í umferðartöfum í höfuðborginni með ljósastýringu muni skila um 80 mö.kr. í ábata fyrir fyrirtæki og heimili á líftíma fjárfestingarinnar. Stofnkostnaður framkvæmdarinnar er 1,5 ma.kr. til samanburðar. Með ljósastýringu má þannig auka lífsgæði borgarbúa og framleiðni fyrirtækja innan borgarmarkanna og byggja stöðir undir hagvöxt framtíðarinnar.


### BORGARBÚAR KALLA EFTIR SAMGÖNGUBÓTUM

Árið 2012 var undirritað samkomulag af hálfu innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga um eflingu almenningsamgangna og frestun á stórum vegaf framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu. Nær engar vegaf framkvæmdir hafa átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu frá þeim tíma og fjármagni veitt í meiri mæli í almenningsamgöngur. Samkomulagið virðist þó ekki hafa borið ávöxt en hlutdeild einkabílsins hefur aukist til muna á þessu tímabili þvert á fyrirætlanir borgaryfirvalda. Hlutdeild einkabílsins er nú 79% eða 4% hærri en árið 2012.

Hlutfall sem ferðast yfirleitt með einkabíl á  
höfuðborgarsvæði skv. ferðavenjukönnun Vegagerðar



Þetta endurspeglast í forgangsröðun borgarbúa en skv. nýlegri könnun má sjá að 43% vildu að stofnbrautakerfið verði bætt á árinu 2018 í samanburði við 27% árið 2014.



## 9 MILLJÓNUM KLUKKUSTUNDA SÓAÐ

Áætla má að um 9 milljónum klukkustunda verði sóað í umferðartafir innan höfuðborgarinnar á árinu 2019. Þar er m.a. horft til niðurstaðna úr nýlegu umferðarlíkani VSÓ fyrir höfuðborgarsvæðið og umferðarmælinga Vegagerðarinnar. Sóaður tími veldur töluverðum umframkostnaði en áætla má t.d. að fyrirtæki borgarinnar verji tæplega 10 mö.kr. í óþarfa launakostnað vegna þessa á árinu 2019 sem birtist í hærra verðlagi en ella og lægri framleiðni. Til viðbótar kemur aukinn kostnaður og skert lífsgæði þeirra sem ferðast í frítíma.

Fyrir stjórn Reykjavíkurborgar liggur tillaga um að borgarstjórn feli umhverfis- og skipulagssviði að undirbúa útboð vegna ljósastýringar og snjallvæðingar í umferðarstýringu. Áætlaður stofnkostnaður er um 1,5 ma.kr. en ávinningur áætlaður 15% tímasparnaður fyrir einkabíla, 50% minni biðtími ökutækja í biðröðum og 20% meira flæði almenningsgangna. Arðsemi ljósastýringa gæti verið töluverð en það er mat Samtaka iðnaðarins að 15% minnkun í umferðartöfum í höfuðborginni með ljósastýringu muni skila um 80 milljörðum í ábata fyrir fyrirtæki og heimili á líftíma fjárfestingarinnar. Eru þar ótaldir aðrir ábatapættir á við minni loftmengun og sparnað í öðrum aksturskostnaði.

## Arðsemi ljósastýringa fyrir höfuðborgarsvæðið

